



Þjóðskrá
Borgartún 21
105 Reykjavík

Ósk um upplýsingar úr kjörskrá fyrir borgarstjórnarkosningar 2018

Reykjavíkurborg hefur ákveðið að grípa til aðgerða til að auka kosningaþátttöku tiltekinna hópa sem hafa í undanförunum kosningum átt undir högg að sækja með tilliti til kjörsóknar.

Erindi: Óskað er eftir að teknar verði saman eftirfarandi upplýsingar úr kjörskrám fyrir borgarstjórnarkosningar 2018:

1. Konur eldri en 80 ára.
2. Innflytjendur og erlenda ríkisborgara sem hlotið hafa kosningarétt frá síðustu sveitarstjórnarkosningum.

Þær upplýsingar verða nýttar til að upplýsa þessa einstaklinga um kosningarétt sinn.

Sama erindi var sent til meðferðar hjá Hagstofu Íslands og samkvæmt leiðbeiningum þeirra er óskað eftir að Þjóðskrá Íslands taki erindið til umfjöllunar.

Virðingarfyllt

Anna Kristinsdóttir, Mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar